

og 31. janúar síðastliðinn var fyrsti fundur í landsmótsnefnd haldinn. Nefndina skipa: Guðmundur Sigvaldason, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Júlíus Júlíusson frá UMSE. Haukur Valtýsson, Kristján Þór Júlíusson og Sonja Sif Jóhannsdóttir frá UFA. Björn B Jónsson, Hringur Hreinsson og Sæmundur Runólfsson frá UMFÍ.

Landsmót í Kópavogi

Eins og flestum er eflaust kunnugt verður landsmót UMFÍ í Kópavogi 5.-8. júlí næsta sumar. Það er tvímælalaust stefna UMSE að þangað fari sem stærstur hópur keppenda. Því viljum við hvetja alla sem áhuga hafa að taka þessa daga frá og stefna á Kópavog. Gjarnan megið þið léttu okkur vinnuna við undirbúninginn og hafa samband við okkur ef þið hafið áhuga á að fara.

Ársþing UMSE

Ársþing UMSE verður haldið í Árskógi laugardaginn 24. mars. Ársþingið er vettvangur aðildarféлага UMSE til að ræða sameiginleg málefni félaganna og móta framtíðarstefnu ungmennasambandsins. Því er mikilvægt að öll félög sendi fulltrúa á þingið þannig að stjórn sambandsins viti hvert skal stefna í málefnum þess. Okkur stjórnarmönnum UMSE finnst að ekki hafi verið nógu góð mæting á síðustu þing en gerum okkur ekki grein fyrir því hvort það er vegna þess að allir eru svo ánægðir með okkar starf eða bara almennt áhugaleysi á málefnum sambandsins. Því viljum við hvetja ykkur til að mæta og móta framtíðina með okkur því það er mörg verkefni framundan.

Formannafundur aðildarféлага


Formannafundur var haldinn 19. janúar síðastliðinn. Á fundinn voru boðaðir allir formenn aðildarféлага nefndum sem starfa fyrir UMSE. Fólki var hvatt til að taka með sér maka sína því eftir fund var öllum boðið uppá léttan kvöldverð. Hugmyndin á bakvið þetta var sú að reyna að þjappa fólki saman og gera eitthvað öðruvísi en venjulega og hafa gaman af því. Þrátt fyrir að þessa nýjung var þátttaka frekar dræm en þeir sem mættu áttu notakega kvöldstund saman.

Útgefandi: Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri. Veffang: www.umse.is, netfang: umse@bugardur.is. Ábyrgðarmenn: Starri Heiðmarsson/Árni Arnsteinsson



FRÉTTABRÉF UMSE

1. tbl. 22. árgangur 2007



Ungmennasamband Eyjafjarðar Aðildarfélög



Pistill formanns

Ágætu Eyfirðingar.

Ég vona að forsíða þessa fréttabréfs okkar hafi vakið athygli þína því það er okkur sem erum í forsvari fyrir UMSE mikils virði að vera í góðum tengslum við ykkur í gegnum aðildarfélagin. Það er staðreynd að hvort sem það er hér í Eyjafirði eða annarsstaðar á landinu þá nýtur nánast hver einasti einastaklingur einhverntímann á lífsleiðinni krafta og þjónustu íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Sem betur fer gera margir sér grein fyrir þessari staðreynd þó alltof oft heyrir þær raddir að nú sé nóg komið og mál að linni þessari vitleysu, er þá oftast átt við að það sé alltof krefjandi að þeytast með börnin sín út um allt á íþróttaæfingar og/eða íþróttamót. Vissulega er allstaðar mikið um að vera og hraðinn í okkar annars ágæta þjóðfélagi mikill en þátttaka okkar í íþróttum og þeim félagsmálum sem snúast í kringum þær er eitthvað sem við verðum að varðveita. Við sem orðin eru fullorðin getum hugsað til baka til þess tíma er við nutum þess sem þá var fyrir okkur gert í sambandi við íþróttir og ýmis félagsmál sem félagið okkar stóð fyrir. Vildum við hafa verið án þess í dag? Ég segi nei. Þess vegna þurfum við að standa saman og búa unga fólkið undir framtíðina hvað þetta varðar. Það er hinsvegar skoðun mín að það séu því miður alltof fáir sem eru tilbúnir að gefa tíma sinn í þetta félagsmálavafstur og jafnvel hef ég heyrt einhverja segja að þeir séu löngu búnir að borga til baka það sem fyrir þá var gert þegar þeir voru ungir. Hraustlega mælt þykir mér allavega treysti ég mér ekki til að meta það hvenær sá tímupunktur er kominn í mínu tilviki enda tel ég að þetta sé eitt af því sem ekki er hægt að vita. Samstarf og sameiginleg markmið er það sem við þurfum að vinna að til að starfið verði öflugt. Nóg komið að sinni. Hafði það sem allra best.

Árni Arnsteinsson

Frjálsíþróttafréttir

Frjálsíþróttastarf innan sambandsins hefur verið með besta móti það sem af er þessum vetri. Þrjú af aðildarfélagum sambandsins halda úti reglulegum frjálsíþróttaæfingum undir stjórn Ara H. Jósavínssonar. Þessi félag eru: Umf. Samherjar, umf. Smárinn og umf. Svarfdæla. Endurspegladist þessi virkni félaganna í þátttöku í síðbúnu jólamóti UMSE sem haldið var í Íþróttahöllinni þann 13. janúar síðastliðinn. Þar mættu 114 keppendur til leiks en auk UMSE-félaga tóku þar þátt grannar okkar úr UFA og HSP. Öll úrslit af mótinu má nálgast í mótaforriti FRÍ gegnum heimasíðu FRÍ, www.fri.is en á heimasíðu UMSE má sjá helstu úrslit. Heimasíðan flytur einnig fréttir af árangri okkar félaga á mótum utan héraðs en um þessar mundir er tími meistaramótanna í frjálsum íþróttum innanhúss sem haldin eru í nýrri og glæsilegri frjálsíþróttahöll í Laugardalnum. Þannig átti UMSE sex keppendur á MÍ 15-22 ára sem haldið var 26.-27. janúar síðastliðinn en bestum árangri okkar keppenda þar náði Ari Jóhann Júlíusson, umf. Svarfdælum en hann náði 4. sæti í

langstökki 15-16 ára sveina. Einnig fóru 22 keppendur frá UMSE á stórmót ÍR sem haldið var 20.-21. janúar. Þar náðist afar góður árangur og bættu nánast allir keppendur UMSE árangur sinn. Gunnar Örn Birgisson sigraði í hástökki með stökki uppá 1,80 m. Guðlaug Jana Sigurðardóttir varð í 2. sæti í 800 m hlaupi 13-14 ára telpan og Árni Bragi Eyjólfsson varð 3. í 800 m hlaupi í flokki 13.14 ára piltar.

Meistaramót Íslands, innanhúss 10.-11. febrúar

UMSE fór með kornungt lið á MÍ aðalhluta um síðustu helgi en keppendur voru sex frá aldrinum 14-24 ára. Gunnar Örn Hólmfríðarson (Umf Samherjum) gerði sér lítið fyrir og sigraði í Hástökki karla með stökk upp á 1.91m. Sérstaklega glæsilegt hjá Gunnari sé tekið tillit til þess að hann keppti meiddur og verður gaman að fylgjast með honum þegar hann hefur náð sér af meiðslunum.

Arna Baldvins (Smáranum) stóðst álagið með þryði og bætti sig í langstökki (4,57m) og 400m (66,80 sek) og hljóp kvennagrindina mjög vel (11,19 sek) og varð 10.

Steinunn (Smáranum) var yngsti keppandinn okkar (á 14. ári) en hún bætti sig í 200m hlaupi (28,19 sek) og náði besta tíma allra Eyfirðinga og endaði 16.

Jófríður (Samherjum) kom sjáfrí sér á óvart og bætti sig í 60m (8,66 sek) og var sú eina í okkar liði sem bætti sig í 60m

Harpa (Reyni) er að koma sterk til baka eftir erfið meiðsli og hljóp á 8,47 sek í 60m og náði 12 sæti, hársbreidd frá úrslitum

Jónas (Samherjum) var ekki alveg að ná sér á strík en bætti sig í 200m (25,58 sek)

Þetta var mjög dýmæt reynsla fyrir þessa ungu krakka að keppa með okkar helstu stjörnum í fyrsta skipti. En ég sá það á sumum að það var svolítið skrítið að fá eiginhandararitun hjá Silju Úlfarsdóttur og stilla svo blokkirnar við hliðina á henni 5 mínútum seinna og búa sig undir að keppa við hana
Ari H. Jósavínsson, Þjálfari

Meistaramót 12-14 ára 3.-4. mars

Vösk sveit frá UMSE fer á MÍ 12-14 ára en frestur til að skrá sig er til 27. febrúar. Þeir sem vilja taka þátt geta haft samband við Ari Þjálfara (arihj@simnet.is, 8920777). Einnig minnum við á að iðkendur UMSE er velkomið að taka þátt í frjálsíþróttaæfingum sem Ari stendur fyrir í Boganum á miðvikudagskvöldum 19:30-21:00.

Landsmótsnefnd.

Tuttugasta og sjötta landsmót UMFÍ verður haldið á Akureyri í umsjá UMSE og UFA 2009 en þá verða 100 ár liðin frá fyrsta landsmóti UMFÍ sem haldið var á Akureyri. Undirbúningur fyrir landsmótið er þegar hafinn